

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 15/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn

Friðriki Þórhallssyni (Sveinn Snorrason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Akstur bifreiðar með áfengisáhrifum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir dómsuppsögu hefur framhaldsrannsókn farið fram í sakadómum Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4000.00, og laun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Þórhallsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 4000.00, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. janúar 1962.

Ár 1962, miðvikudaginn 10. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 53/1962: Ákærvaldið gegn Friðriki Þórhallssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 24. janúar 1961, höfðað gegn ákærða Friðriki Þórhallssyni afgreiðslumanni, Eskihlíð 6,

Reykjavík, fyrir að hafa um klukkan 02.00 aðfaranótt föstudagsins 18. nóvember 1960 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11775 frá veitingahúsinu „Klúbbnum“ og vestur Hringbraut.

Telst þetta varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einnig er málið höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, fyrir að hafa árla morguns þriðjudaginn 6. júní s.l. undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11775 frá skála T 2414 í Seaweed-hverfi á Keflavíkurflugvelli áleiðis til Reykjavíkur, unz hann var stöðvaður af lögreglu í aðalhlíði flugvallarins, og öðru sinni, aðfaranótt fimmtudagsins 20. júlí s.l., undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni J 149 frá fyrrgreindum skála, T 2414, áleiðis til Reykjavíkur, unz hann var stöðvaður af lögreglu við Meeks-hlíð við flugvöllinn.

Telst þetta varða við 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 16. apríl 1932 á Kópaskeri. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1953 22/10 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga.

1955 23/3 Rvík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar.

1960 23/1 Rvík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

— 31/10 Rvík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1961 9/1 Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lög-reglusamþykktar.

Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt föstudagsins 18. nóvember 1960, klukkan 02.15, stöðvaði lögreglan ákærða við akstur bifreiðarinnar R 11775.

Ákærði neitaði harðlega við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa neytt annars áfengis en 1 eða 1½ flösku af erlendum bjór klukkan um 20.30 til 21.00 kvöldinu fyrr. Fyrir dómi játaði ákærði hins vegar auk nefndrar áfengisneyzlu að hafa drukkið tvö glös af líkór, nokkru áður en hann hóf akstur, en ekki kvaðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hann viðurkenndi að hafa umrætt sinn ekið bifreiðinni R 11775 um götur borgarinnar. Lögreglumönnum virtist ákærði bera þess merki, að hann væri með áhrifum áfengis.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, sem sýndi „reducerandi“ efni, er samsvara 1.35% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærða sjálfs um áfengisneyzlu skömmu fyrir akstur, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, dagsettu 24. janúar 1961, og þar rétt færð til refsíákvæða.

II.

Priðjudaginn 6. júní 1961, klukkan 04.15, stöðvaði lögreglan á Keflavíkurflugvelli ákærða við akstur bifreiðarinnar R 11775. Töldu lögreglumenn hann bera einkenni áfengisáhrifa.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn nokkuð um á Keflavíkurflugvelli, og var förlinn síðan heitið til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst hafa verið við áfengisneyzlu kvöldinu fyrr og gerzt ölvaður. Hann sofnaði um klukkan 02.00 um nóttina og svaf þar til skömmu áður en lögreglan stöðvaði hann. Ekki neytti hann áfengis, eftir að hann vaknaði. Ákærði taldi sig hafa verið lausan við áfengisáhrif, er hann tók til að aka, en verið svefnvana og ekki fyllilega eins og hann átti að sér.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og reyndust vera í því „reducerandi“ efni, sem samsvara 1.67% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um að hafa ekið bifreið umrætt sinn, þótt hann sökum áfengisneyzlu væri óhæfur til stjórnar vélknúins ökutækis. Er háttsemi hans rétt færð til refsíákvæða í ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, að öðru leyti en því, að 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 á ekki við um þetta brot hans.

III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 20. júlí 1961, klukkan 01.45, var ákærði stöðvaður við akstur bifreiðarinnar J 149 í hliði Keflavíkurflugvallar, þar sem lögreglumenn grunuðu hann um ölvun við akstur.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni um á Keflavíkurflugvelli umrætt sinn áleiðis til Reykjavíkur. Hann kveðst hafa drukkið einn áfengan, erlendan bjór kvöldinu fyrr, klukkan um 22.00—23.00. Neitaði hann að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í blóðsýnishorni, sem tekið var úr ákærða, fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 0.94% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærða um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni J 149 umrætt sinn, þótt hann vegna áfengisneyzlu hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega. Er hegðun hans rétt færð til refsíákvæða í ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1961, að öðru leyti en því að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga á ekki við um þessa háttsemi ákærða.

Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjölum og samkvæmt ákvæðum þeim, sem þar eru greind, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 20. júlí 1961 að telja, en þann dag var hann sviptur þeim réttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómari fékk mál þetta í hendur í lok desembermánaðar s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Þórhallsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 20. júlí 1961 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.